



Eru upplýsingar innan þíns fyrirtækis vandlega útbúnar og í samræmi við gæðakröfur reikningsskila?

Er árleg endurskoðun fyrirtækis framkvæmd af óháðum endurskoðanda?

Eru upplýsingar veittar um helstu áhættuþætti?

Hafa hluthafar og mögulegir fjárfestar aðgang að öllum nauðsynlegum upplýsingum?

## Fyrirtækjaráðgjöf

# Gagnsæi og upplýsingagjöf

Góðir stjórnarhættir tryggja öfluga upplýsingagjöf fyrirtækis með nákvæmum og tímanlegum upplýsingum varðandi öll mikilvæg mál eins og fjárhagslega stöðu fyrirtækis og árangur.

Það er hagur hvers fyrirtækis að veita skýrar, tímanlegar og áreiðanlegar upplýsingar sem eru vandlega útbúnar. Mikilvægt er að allir hagaðilar hafi jafnan aðgang að viðeigandi upplýsingum. PwC telur öfluga upplýsingagjöf skapa gagnsæi auk þess að vera áriðandi þáttur góðra stjórnarháttá.

## Hvað ætti að felast í upplýsingagjöf fyrirtækis?

### Fjárhagsupplýsingar

Mikilvægt er að upplýsingar fyrirtækis um fjárhag þess og rekstur séu vandlega útbúnar og settar fram á einfaldan og skýran máta. Rétt er að hafa í huga að slíkar upplýsingar eru notaðar bæði innan og utan fyrirtækisins.

Fyrirtæki verður til dæmis að veita hagaðilum upplýsingar um veruleg viðskipti við tengda aðila og hvort slík viðskipti hafi verið á eðlilegum markaðsforsendum.

Fyrirtæki ætti ekki einungis að veita fjárhagsupplýsingar heldur einnig upplýsingar um stefnu varðandi viðskiptahætti, umhverfisstefnu og annað er varðað gæti samfélagið. Slíkar upplýsingar geta skipt máli í augum fjárfesta og annarra aðila sem eru fyrirtækinu mikilvægar.

### Samband hagaðila

Fjárfestar og aðrir hagaðilar ættu að hafa aðgang að upplýsingum um stjórnarhætti fyrirtækis. Þeir ættu einnig að hafa greiðan aðgang að upplýsingum um eignarhald fyrirtækis og atkvæðavægi. Slíkar upplýsingar um eðli og gerð fyrirtækis auka gagnsæi, bæta samskipti og auka traust hagaðila.

Fyrirtæki verða að veita upplýsingar um þóknun stjórnarmanna og framkvæmdastjórnar og eftir atvikum upplýsingar um stjórnarmennina sjálfa, s.s feril þeirra og óhæði gagnvart fyrirtækinu og tengdum aðilum.

Veita ætti upplýsingar um helstu atriði varðandi stöðu fyrirtækis á markaði og verkefni þess er lúta að samfélagsábyrgð.

### Áhætta

Fyrirtæki ætti að veita upplýsingar um helstu áhættuþætti í rekstri og hvernig brugðist er við þeim. Slík áhætta gæti varðað starfsemi fyrirtækisins eða landsvæðið sem það starfar í, fjárhagslega áhættu á markaði eða fjármögnun og áhættu varðandi umhverfisspjöll.

# Okkar reynsla

## Fjárhagsupplýsingar

PwC leggur áherslu á að það er hagur hvers fyrirtækis að veita góðar og réttar fjárhagsupplýsingar. Mikilvægt er að tryggja gæði slíkra upplýsinga með árlegri endurskoðun sem framkvæmd er af óháðum endurskoðanda. Skilvirk upplýsingagjöf eykur gagnsæi og ábyrgð og gerir fyrirtæki kleift að hafa eftirlit með upplýsingagjöfinni og meta öryggi þeirra. Fjárhagsupplýsingar eru meðal annars eftirfarandi:

- Endurskoðuð reikningsskil
- Ársskýrslur með reikningsskilum
- Upplýsingagjöf stjórnenda og greining

## Miðlun og gæði upplýsinga

Hluthafar og mögulegir fjárfestar þurfa aðgang að reglulegum, áreiðanlegum og samanburðarhæfum upplýsingum til að þeir geti metið árangur af störfum stjórnar og tekið upplýstar ákvarðanir varðandi eignarhluta sinn og verðmæti hlutabréfa. Ónægar eða óskýrar upplýsingar geta haft margvíslegar neikvæðar afleiðingar fyrir fyrirtæki. Ef rétt er staðið að málum ætti eftirfarandi markmið að nást:

- Auðveldur og tímanlegur aðgangur að viðeigandi upplýsingum
- Upplýsingar veittar til fjárfesta og annarra hagaðila um mikilvæg atvik sem koma upp á milli reglulegrar birtingar reikningsskila
- Upplýsingar veittar til allra hluthafa á sama tíma til að tryggja jafnræði
- Helstu upplýsingar séu veittar án þess að skaða samkeppnishæfni fyrirtækis

Upplýsingar ættu að vera vandlega útbúnar og veittar í samræmi við gæðakröfur um framsetningu reikningsskila og annarra fjárhagssupplýsinga.

## Hvað getur PricewaterhouseCoopers gert fyrir þig

PricewaterhouseCoopers getur aðstoðað fyrirtæki við að innleiða öfluga upplýsingagjöf. Gagnsæi er þungamiðja markaðseftirlits og skiptir sköpum fyrir hluthafa svo þeir hafi nægar upplýsingar til ákvarðanatöku. Góðar upplýsingar geta laðað að fjárfesta og viðhaldið trausti í viðskiptalífínu. Fullnægjandi upplýsingagjöf bætir skilning almennings á fyrirtækinu, stefnu þess, frammistöðu og samfélagsábyrgð.

PwC býr að reyndu og hæfu starfslíði innan fyrirtækjaráðgjafar sem getur veitt ráðgjöf við að innleiða og bæta slíka upplýsingagjöf sem hluta af góðum stjórnarháttum.

Þessi kynning felur ekki í sér ráðgjöf af neinu tagi. Ekki ætti að afhafast samkvæmt þessu kynningarriti án þess að fá sérfræðilega ráðgjöf. PricewaterhouseCoopers hf., PricewaterhouseCoopers LLP, hluthafar, starfsmenn og umboðsaðilar bera ekki ábyrgð á upplýsingum sem gefnar eru í þessu riti eða aðgerða sem framkvæmdar eru af hálfu annarra aðila á grundvelli þessara upplýsinga.

© 2006 PricewaterhouseCoopers hf. Allur réttur áskilinn. „PricewaterhouseCoopers“ vísar til PricewaterhouseCoopers hf. á Íslandi, nema ráða megi af samhengi eða beinum tilvísunum að vísað sé í önnur fyrirtæki í samstöðu PricewaterhouseCoopers International Limited sem öll eru lagalega sjálfstæðar einingar.

## Tengiliðir

### Halldór Þorkelsson

Sviðsstjóri Fyrirtækjaráðgjafar

+ 354 550 5229

[halldor.thorkelsson@is.pwc.com](mailto:halldor.thorkelsson@is.pwc.com)

### Ragnar Þ. Jónasson

Ráðgjafi / Iögræðingur

+ 354 550 5360

[ragnar.jonasson@is.pwc.com](mailto:ragnar.jonasson@is.pwc.com)